

Frístundaakstur – tillaga að fyrirkomulagi

Fyrsti áfangi verkefnisins um frístundaaksturinn er hugsaður fyrst og fremst fyrir sex og sjö ára börn sem eru í frístundaheimilum grunnskólanna. Þessi áfangi hefst haustið 2017 þegar æfingar hefjast.

Fyrirkomulag og tillögur hafa verið unnar með fulltrúum FH, Hauka og Bjarkanna út frá hugmyndum starfshóps um frístundaakstur sem skilaði af sér tillögu þann 14. júní 2017 á fundi fræðsluráðs sjá mál nr. 1610266.

Markmið verkefnisins er að nýta betur íþróttamannvirki, stytta vinnudag yngstu grunnskólubarnanna og koma betur til móts við óskir foreldra.

Fyrirkomulag

Skilgreind stoppustöð verður sett upp við hvern grunnskóla í Hafnarfirði.

Foreldrar munu geta skráð börnin sín í gegnum Mínar síður hjá Hafnarfjarðarbæ sem vilja nýta sér frístundaaksturinn. Þar verður hægt að velja hvaða daga þau nota aksturinn og hvert þau sækja æfingar (er í skoðun/vinnslu hjá tölvudeild).

Börnin klára sinn skóladag, fara í frístundaheimili og borða nesti í fyrra fallinu eða upp úr kl. 14:00. Börn á yngsta stigi borða oft hádegismat snemma eða milli 11 og 12. Starfsmenn frístundaheimilis tryggja að rétti hópur barna fari hverju sinni með sitt dót (skóla- og íþróttadót) á biðstöð bílsins við hvern skóla og fylgja þeim þangað til bíllinn sækir þau.

Hvenær er skóladagurinn búin í Hafnarfirði:

Öldutúnsskóli kl. 13:-13:40

Víðistaðaskóli og Engidalur kl. 13.10

Hvaleyrarskóli kl. 13:20 , 13:40 eða 14:00. Oftast 13:20 samt

Áslandsskóli kl. 13:10 nema á þriðjudögum klukkan 14:00

Hraunvallsskóli kl. 13:10

Setbergsskóli kl. 13.10 nema á miðvikudögum þá er 1. bekkur búin 13:25 og 2. bekkur 13.20 og 14.00 (þau eru að koma úr sundi og nú er tillaga í vinnslu um að hefja skóladag um 8:30)

Barnaskóli Hjallastefunnar beðið eftir svári

Tvær rútur koma við í öllum grunnskólum bæjarins á leið til Bjarkanna (DÍH), FH og Hauka og félögin verða með æfingar frá 1445/1500 – 15:45-16:00. Um er að ræða bíla sem taka við allt að 49 sætum, samtals 96 börn gætu nýtt sér ferðirnar á hverjum degi.

Um yrði að ræða nokkurskonar framlengingu á skólaakstri Hópbíla sem ferjar börn í sund og íþróttir alla virka daga. Hjá Hópbílum er þekking til staðar og góð reynsla af samstarfi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hópbíla. Innkaupastjóri vinnur með Hópbílum að endanlegri útfærslu og vinnur samning um verð.

Einn starfsmaður frístundaheimilis verður í rúttunni frá upphafspunkti hvorrar ferðar. Þeir tryggja öryggi um borð og hafa skrá yfir börn og tryggja að þau fari út á réttum stað. Viðkomandi starfsmenn yrðu hefðbundnir frístundaheimilistarfsmenn sem hefðu þessa aukaskyldu, bílinn myndi síðan enda sinn akstur á því að skila viðkomandi starfsmanni á sinn vinnustað. Viðkomandi frístundaheimili sem leggur þá til fær aukaúthlutun vegna launa þessara starfsmanna upp á 15% stöðuhlutfall. Tillögur hér gera ráð fyrir að þeir komi í Hvaleyrarskóla og Víðistaðaskóla/Engidal.

Börn sem eru á frístundaheimilum munu helst geta notað aksturinn það er hinsvegar ekkert sem mælir gegn því að önnur börn mæti í skólann til að nota frístundavagninn. Þau myndi þá koma á eigin forsendum en foreldrar yrðu að skrá þau í gegnum Mínar síður.

Fjöldi

Börn sex og sjö ára eru að æfa einu sinni til tvisvar í viku á virkum dögum hjá þessum félögum

Um 400 börn eru í hverjum árgangi í Hafnarfirði.

Bjarkirnar eru með um 120 börn á aldrinum sex til sjö ára sem hafa forskráð sig fyrir haustið í fimleika. Síðasta ár voru í yfir árið í heildina um 300 börn skráð í FH á þessum aldri og um 200 börn í Haukana.

Hjá Björkunum yrði þetta trúlega aðallega fimleikaæfingar en ekki aðrar greinar eins og klifur eða parkour. Haukarnir eru að horfa á fótboltaæfingar til að byrja með eða þangað nýja húsið skapar aukið svigrúm og FH eru að horfa á fótbolta og handbolta. Fótboltinn hjá FH hefur verið afar fjölmennur og má búast við minnst 100 iðkendum.

Æfingatöflur eru ekki en ljósar hjá Haukum og FH og skráningu ekki lokið. Fimleikaæfingar munu dreifast jafnt yfir vikuna en æfingar í fótbolta verða sumar daga og handbolta trúlega einn dag. En miða við fjölda barna og þau gögn sem nú liggja fyrir má áætla að það verði sjaldan færri en 50 börn sem nýti sér aksturinn og upp geti komið dagar þar sem auka þyrfti í aksturinn vegna fjölda barna.

Tímatafla og akstursleið, dæmi (er í skoðun hjá félögunum)

Haukar, FH og Bjarkir

- Tveir 49 manna bílar aka og sækja börnin, fjórir skólar á bíl
- Aksturinn tekur um 40 mín frá upphafi til enda, dæmi:

Kl	A bíll	B bíll
14:15	Hvaleyrarskóli	Víðistaðaskóli/Engidalur
14:20	Áslandsskóli	Víðistaðaskóli
14:25	Setbergsskóli	Öldutúnsskóli
14:30	Lækjarskóli	Hraunvallaskóli
14:35	Bjarkirnar	Ásvellir
14:45	Kaplakriki	Kaplakriki
14:55	Ásvellir	Bjarkirnar

Íþróttafélagið

Við komu barns inn á íþróttasvæðið færast ábyrgðin á barninu yfir á íþróttafélagið.

Foreldrar sækja síðan börnin upp úr kl. 16:00 á hvern stað. Æskilegt er að félög séu með biðaðstöðu fyrir börnin og starfsmann til að tryggja að allt fari vel fram.

Skráning/upplýsingagjöf yrði að vera samræmd milli íþróttafélaga og frístundaheimilis og færi aðallega fram við upphaf annar. Skrifstofa Fræðslu- og frístundaþjónustu yrði framkvæmdar- og samræmingaraðili og tryggði að upplýsingar bærust á milli aðila

Kostnaður

Tillagan snýst um að aksturinn verði aukin þjónusta Hafnarfjarðarbæjar/frístundaheimila og íþróttafélaganna og yrði foreldrum að kostnaðarlausu.

Innkaupastjóri Hafnarfjarðar er að vinna að samkomulagi við Hópbíla varðandi kostnað en hæsta mögulega verð á dag er 50.000 kr. Aksturinn yrði aðallega á skólatíma en þegar skólastarf liggur niðri s.s. skipulagsdögum og einhverja daga í jóla- og páskafríi má ætla að akstur og æfingar eigi sér stað enda er frístundaheimilið opið á þessum tíma. Hinsvegar byrja æfingar kannski ekki 20. ágúst en að vori eru þær allan skólatímamann og því er reiknað með að þetta verði um 170 dagar á ári sem ekið verði.

Foreldrar hafa greitt fyrir viðveru barnanna í frístundaheimilum. Því hafa foreldrar greitt að hluta kostnaðinn við aksturinn því að börnin verða ekki á frístundaheiminu meðan þau æfa. Um 800 börn eru að jafnaði í frístundaheimilum og miða við þessi drög fækkar börnum þar um 8-10% eftir að þau fara í frístundaaksturinn og á æfingu á degi hverjum.

Hér er gert ráð fyrir kostnaðarhlutdeild foreldra sjá neðar. Þar er gjald á ferð frá 250 kr til 400 kr. Vegna hvers barns yrði því greitt frá 1250 til 2500 kr á mánuði. Það er flókið og dýrt að halda úti kerfi sem rukkar svo lágar upphæðir fyrir svona mörg börn. Hér er gert ráð fyrir um 75 sæta meðalnotkun á dag.

Skóladagar	2 x bílar	Heildarkostn.
170	50.000	8,500.000
notkun á dag verð	75 250	18.750
	75 300	22.500
	75 400	30.000
notkun á dag verð		170 dagar
		170 dagar
		170 dagar

Aðeins fyrsta skrefið

Síðan liggur fyrir að útvíkka þennan akstur, þannig að fleiri félög auk tónlistarskólans gætu tengst akstrinum auk þess sem til lengri tíma litið ættu átta og níu ára gömul börn að fá að nýta sér aksturinn.

Hér er stórt skref að ræða, en fyrsta að mörgum stigið í að stytta skóladag yngstu barnanna, koma enn betur til móts við óskir foreldra, gera vinnudag barnanna enn meira spennandi og nýta íþróttamannvirki okkar enn betur.

Geir Bjarnason, 10. júlí 2017

Bjarkirnar:

Frá: Ragnheiður Hjaltalín [mailto:ragnheidur@fbjork.is]

Sent: Wednesday, June 28, 2017 9:14 AM

Til: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>

Efni: Áætlun frá Björk v/frístundaaksturs

Sæll

Við hjá Björk erum núna með um 120 börn á aldrinum 6-7 ára (2010-2011) sem hafa forskráð sig í fimleika fyrir haustönn 2017.

Börnin skiptast eftir skólahverfum eftirfarandi (nokkurn veginn):

Hraunvallaskóli: 30

Áslandsskóli: 23

Víðistaðaskóli: 21

Öldutúnsskóli: 12

Hvaleyrarskóli: 10

Setberg: 8

Lækjarskóli: 7

Hjalli: 4 (sem við vitum um etv. fleiri þaðan)

Utan Hafnarfjarðar: 5

Þetta eru einungis þau börn sem eru skráð í fimleika á haustönn á þessum aldri, við gerum svo ráð fyrir um 50-60 börnum (jafnvel fleiri) í viðbót sem munu skrá sig í águst/september m.v. reynslu sl. ára.

Flest börn í Klifurdeildinni hjá okkur eru um 8 ára og eldri en alltaf einhver 7 ára börn en það eru etv. ekki þá nema um 5-8 börn.

Tækwondo hefur verið með barnahóp á þessum aldri en við höfum ekki ennþá náð í þau varðandi það hvort þau geti verið kl. 2.45 með æfingar en þá myndi um 10-15 börn líklega bætast við.

Takmörkunin hjá okkur er húsnaði og þjálfarar á þessum tíma. Krakkarnir á aldrinum 6-7 ára æfa 2x 1 klst á viku hjá okkur og við getum mest verið með um 40- 50 börn í einu á

Þessum klukkutíma m.v. að dreifa þeim í alla salina. Fastráðnu þjálfarar okkar eru venjulega mætt á þessum tíma en stundaþjálfarar oft ekki lausir svona snemma (eru í skóla og öðrum vinnum) svo ef þetta verður að veruleika munum við þurfa að raða þjálfurum aðeins á annan hátt en undanfarið. Venjulega hafa fastráðnu þjálfararnir verið með keppnishópa í byrjun dags eða frá 2.30 og því mjög gott að fá að vita um leið og endanleg ákvörðun hefur verið tekin hvort Frístundaaksturinn muni hefjast í haust og þá hvort gert sé ráð fyrir æfingum fyrir þennan aldur frá 2.45-3.45 eða á öðrum tíma svo við getum byrjað að vinna töflur fyrir æfingatíma og þjálfaraskipulag.

Kær kveðja

Ragnheiður Hjaltalín

Skrifstofustjóri og Umsjónarmaður 6-12 ára stúlkna í Fimleikafélaginu Björk